

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Árið 2026, þriðjudaginn 12. maí kl. 13:10 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1256. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.  
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Silvá Kjærnested og Dagný Geirdal.  
Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Almennadalur 27 - USK25100036

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á báða gafla og breyta innra skipulagi í austurhluta hesthúss, mhl. 02, á lóð nr. 27 við Almennadal.

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 2. Amtmannsstígur 6 - USK26040215

Sótt er um leyfi til að breyta ytra byrði, einangra og klæða með bárujárn tvíbýlishús á lóð nr. 6 við Amtmannsstíg.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags: 13. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

### 3. Ánanaust 5 - USK26030421

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúða 0702 og 0703 í mhl. 03 á lóð nr. 64 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### 4. Ármúli 13A - USK26030427

Sótt er um leyfi til að innrétta þrjú hótélherbergi, þjónusturými fyrir gesti og starfsmannaðstöðu í rými 0102, í mhl. 09 á lóð nr. 13A við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 5. Bankastræti 11 - USK26030295

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 26. maí 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 6. Barónsstígur 21 - USK25110407

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og gera svalir á fjölbýlishús á lóð nr. 21 við Barónsstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. maí 2026.

Stækkun: xx ferm.

Eftir stækkun: 386 ferm., 1.091,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 7. Blikahólar 6 - USK25110249

Sótt er um áðurgerða framkvæmd sem felst í að hluti af burðarvegg í bílageymslu í kjallara, rými 0005, hefur verið fjarlægður í fjölbýlishúsi við Blikahóla 6, mhl.03 á lóð nr. 2-12 við Blikahóla.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar Húsfélagsins Blikahólum 6 dags. 25. mars 2026, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 13. mars og burðarþolsteikning a-01 dags. 11. mars, skýrsla um húsaskoðun dags. 29. janúar 2025 og samþykki meðeiganda dags 11. október 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

## 8. Borgartún 30 - USK26040016

Sótt er um leyfi til að innrétta fimm læknastofur, tvær skurðstofur auk stoðryma í vestari hluta 3. hæðar í húsi á lóð nr. 30 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 9. Bragagata 26A - USK25070383

Sótt um áður gerða framkvæmd þar sem skipulagi kjallara var breytt, kvistur á norðurþekju fjarlægður, og kvistur stækkaður og endurgerður á suðurþekju einbýlishúss á lóð nr. 26A við Bragagötu. Samþykkt á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa Reykjavíkur nr. 1234, 2. desember 2025. Með vísun til 5. liðar bókonar á afgreiðslufundi 17. mars 2026 nr. 1248 vegna Bragagötu 26A telur byggingarfulltrúi ákvörðun um samþykki byggingarleyfis 2. desember sl. hafi verið haldin ógildingarannmarka þar sem ekki hafi verið metið hvort grenndarkynningar væri þörf af hálfu skipulagsfulltrúa.

Hluti byggingarleyfis sem tekur til stækkunar og endurgerðar kvists á suðurþekju hússins er hér með afturkallaður og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 10. Breiðhöfði 3 - USK25080191

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 7 hæða fjölbýlishús með 77 íbúðum á bílakjallara með 139 stæðum á lóð nr. 3 við Breiðhöfða.

Stærð: 11.452,4 ferm., 37.404,1 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um hjóðvist frá Myrru dags. 11. ágúst 2025 og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 5. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 11. Búland 19 - USK26030398

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti í raðhúsi á lóð nr. 19 við Búland.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 12. Dragháls 18 - USK26020262

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi allra hæða í húsi á lóð nr. 18 við Dragháls.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð, þar sem verið er að gera breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu.

### **13. Dugguvogur 49 - USK26020071**

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í rými 0302 og koma fyrir stálsvölum á austurhlið iðnaðarhúss á lóð nr. 49 við Dugguvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Lagfæra skráningu.

### **14. Fiskislóð 53 – breytingaerindi - USK26020220**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010089 með því að breyta innra skipulagi á 1. hæð í mhl. 01 á lóð nr. 53 við Fiskislóð.

Erindi fylgir greinagerð brunavarna frá Örugg dags. 11. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **15. Fjólugata 7 - USK26040169**

Sótt er um leyfi til að útbúa eitt bílastæði við einbýlishús á lóð nr. 7 við Fjólugötu

Erindi fylgir umsögn skipulags dags: 16. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### **16. Garðastræti 17 - USK26040227**

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í atvinnurými í kjallara á lóð nr. 17 við Garðastræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **17. Garðastræti 42 - USK26010363**

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu, bílskúr og baðhús í kjallara með verönd og heitum potti og stækkun á eldhúsi á 1. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir steiptum veggjum á lóð einbýlishúss á lóð nr. 42 við Garðastræti.

Stækkun: 110 ferm.

Eftir stækkun: 376,6 ferm., 1.181,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað.

Grenndarkynningu ólokið.

### **18. Grenimelur 9 – breytingaerindi - USK26040168**

Sótt eru um leyfi til að breyta erindi USK25040027 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Grenimel

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **19. Grensásvegur 10 - USK26020197**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta verslun í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi nr. 10, sem er mhl. 06, á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **20. Grettisgata 20A – breytingaerindi - USK26040120**

Sótt er um leyfi til þess breyta erindi USK24060182 þannig burðarsúlur eru settar undir svalir á 2. hæð í bakhúsi, mhl.02, og að innra skipulagi íbúða er breytt vegna lagnaleiða á 2. og 3. hæð fjölbýlishúss, mhl.01, á lóð nr. 20 A við Grettisgötu.

Afgreiðist samhlíða erindi USK26040121, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. febrúar 2026 greinargerð vegna breytinga dags. 12. apríl 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **21. Grettisgata 20B – breytingaerindi - USK26040121**

Sótt er um leyfi til þess breyta erindi USK24060181 þannig að innra skipulagi íbúða er breytt lítillega og byggð útbygging með glugga þar sem áður var stigi upp á 1. hæð íbúðarhúss á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Afgreiðist samhlíða erindi USK26040120, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. febrúar 2026 greinargerð vegna breytinga dags. 12. apríl 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 22. Gullslétta 1 - USK26040254

Sótt er um leyfi til að byggja iðnaðarhús mhl. 01 á lóð nr. 1 við Gullsléttu.

Stærð: 3.106,2 ferm. og 19.467,8 rúmm.

Erindi fylgir greinagerð brunavarna dags. 14. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 23. Hagamelur 17 - USK26040253

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr mhl. 02 við tvíbýlishús á lóð nr. 17 við Hagamel.

Stærð: 27,5 ferm og 90,6 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 24. Hallgerðargata 13 - USK26040192

Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur skipta í tvennt rými 0101 á 1. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 25. Hlaðbær 17 - USK25100382

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 2. desember 2025 var samþykkt umsókn, dags. 23. október s.l., um byggingarleyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum auk tengibyggingar, mhl. 02, 03 og 04 í notkunarflokki 5, sem mun hýsa 24 börn og 5 starfsmenn á lóð nr. 17 við Hlaðbæ. Byggingarleyfi var gefið út 13. janúar 2026. Hverfisskipulag fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selás, sem öðlaðist gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 5. nóvember 2019, gildir fyrir lóðina nr. 17 við Hlaðbæ.

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA2602024, dags. 4. maí 2026, var ákvörðun byggingarfulltrúa frá 2. desember 2025, um að samþykkja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum auk tengibyggingar á lóð nr. 17 við Hlaðbæ, felld úr gildi. Taldi úrskurðarnefndin að byggingarfulltrúa hefði borið að gefa íbúum sem eiga lögvarða hagsmuni kost á að kynna sér gögn málsins og koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun um útgáfu byggingarleyfisins var tekin skv. 13. og 14. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Í samræmi við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar hyggst byggingarfulltrúi gefa lóðarhöfum sem eiga lögvarða hagsmuni kost að tjá sig um efni umsóknar um byggingarleyfi áður en umsóknin verður tekin til afgreiðslu á ný, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Frestað. Aðliggjandi lóðarhöfum sent bréf skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr.37/1993

## **26. Holtsgata 35 - USK25060046**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingu fyrir íbúðarhúsi á lóð nr. 35 við Holtsgötu.

Breytingar eru byggðar á samþykktu erindi BN057390 sem fallið er úr gildi.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 1. september 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 31. ágúst 1978.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

## **27. Hraunteigur 19 – breytingaerindi - USK26040069**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að svölum hefur verið komið fyrir á suðurhlíð rishæðar fjölbýlishúss á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 08. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **28. Hverfisgata 16 - USK25110081**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu verslun í rými 0001 í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 16 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir afrit af síðustu samþykkt byggingarfulltrúa dags. 2. september 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## **29. Hverfisgata 52 - USK26030315**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058494 þannig að hætt er við franskar svalir á 3. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 52 við Hverfisgötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 30. Hólmaslóð 2 - USK25120342

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. hæðar, loka nokkrum gluggum á vesturhlið, síkka aðra, koma fyrir svölum, koma fyrir lyftu í stigahúsi við vesturgöfl, bæta við stigahúsi á norðurhlið, hækka þakkant um 900mm og endurnýja þak auk þess sem klætt er utan með dökkri álklaðningu iðnaðarhús á lóð nr. 2 við Hólmaslóð.

Erindi fylgir fundargerð húsfundar húsfélagsins Eyjarslóð 2 og Hólmaslóð 2 dags. 7. maí 2026, greinargerð frá hönnuði dags. 7. maí 2026, skýrsla Örugg um brunahönnun útg. V01 dags. 30. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

### 31. Höfðabakki 9 - USK26040217

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í austurenda mhl. 01 á lóð nr. 9 við Höfðabakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 32. Katrínartún 4 - USK26020045

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049912 vegna lokaúttektar þannig að breytingar á innra skipulagi hafa verið gerðar á skrifstofum á 3. 4. 5. og 6. hæð, rými -201 skipt í tvennt, rými 0002 skipt upp og innréttað starfsmannarými og þvottahús, rými 0104 innréttað sem vinnu- og skrifstofur ásamt því að skráning og brunavarnir hafa verið uppfærðar í Katrínartúni 4, skrifstofuhúsi sem er mhl. 06 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg útgáfa V3, síðast breytt 17. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **33. Klapparstígur 26 - USK25110028**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, færa hótelinngang, innrétta veitingastað í flokki II tegund a fyrir 50 gesti í rými 0101, verslun í rými 0104, stækka út að steypu handriði 5. hæð, byggja fimm hæða viðbyggingu, auk kjallara við vesturhlíð og fjölga herbergjum í gistiheimili í flokki IV tegund a fyrir með 100 gistirými í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Klapparstíg.

Stækkun: 213.6 ferm., 414.3 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2025, greinargerð og yfirlit breytinga á ósamþykktum skýringarteikningum dags. 21. október 2025.

Hjálagt er deiliskipulagsuppráttur auglýstur í B-deild Stjórnartíðinda 25. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **34. Kvisthagi 4 - USK25120060**

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl. 02, við þríbýlishús á lóð nr. 4 við Kvisthaga.

Stærð: 49 ferm., 151,9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **35. Köllunarklettsvegur 1 - USK26020091**

Sótt er um leyfi til að innrétta barnafataverslun og sali fyrir Padel með tilheyrandi stoðrymum í rými 0101 í mhl. 03 á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **36. Langirimi 21-23 - USK26020239**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi tannlæknastofu í rými 0203 í húsi á lóð nr. 21-23 við Langarima.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

### **37. Laugavegur 143 – breytingaerindi - USK26020452**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að koma fyrir þremur bílastæðum á lóð fjölbýlishúss á lóð nr. 143 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

### **38. Laugavegur 16 - USK25050486**

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu, fjórar hæðir og kjallara gera nýtt anddyri/aðalinngang og fjölga hótélherbergjum í ? fyrir alls ? gesti á Hótel Skjaldbreið, hótél- og verslunarhúsi á á lóð nr. 14 við Laugaveg.

Stækkun: 630.9 ferm., 2.233.1 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 29. janúar 2016, brunahönnunarskýrsla Brunahönnunar slf. dags. 15. júní 2016, undirrituð samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavíkur um sameiningu lóðanna Laugavegur 12b og Laugavegur 16 dags. 20. nóvember 2025, afrit af kvittun sýslumanns vegna móttöku mæliblaðs til þinglýsingar dags. 21. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 22. júní 1948.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **39. Laugavegur 35 – breytingaerindi - USK26010124**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397 vegna lokaúttektar með því að breyta innra skipulagi í kjallara, innréttu kaffistofu starfsmanna og verslun í rými 0203 í hóteli á lóð nr. 35 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **40. Laugavegur 48B - USK25030246**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð hárgreiðslu- og húðflúrstofo í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 48b við Laugaveg.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 1. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **41. Laugavegur 54B - USK25120172**

Sótt er um leyfi til að stækka með því að hækka ris, gera kvisti á báðar þekjur, svalir á norðurhlið, breyta innra skipulagi og koma fyrir stiga á milli hæða í einbýlishúsi á lóð nr. 54b við Laugaveg.

Stækkun: 95.7 ferm., 182.4 rúmm.

Erindi fylgir deiliskipulagsuppdráttur fyrir reit 1.173.1 gildisdags. 28. nóvember 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 7. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 23. maí 1946.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **42. Lækjarás 6 - USK26010077**

Sótt er um leyfi til að steypa garðveggi og breyta lóðarhönnun við einbýlishús á lóð nr. 6 við Lækjarás,.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### **43. Njálsgata 73 - USK26010122**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings sem felast í að byggðir hafa verið kvistir á ris og gerðar þaksvalir á fjölbýlishús á lóð nr. 73 við Njálsgötu.

Stækkun: 1,6 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 28. apríl 2026, bréf hönnuðar dags. 5. maí 2026 og samþykki meðeigenda dags. 19. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **44. Njörvasund 35 - USK26040214**

Óskað er eftir breytingu á notkun frá bílskúr í íbúð ásamt breytingu á útliti á lóð nr. 35 við Njörvasund. Um áðurgerða framkvæmd er að ræða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **45. Norðurbrún 22 – breytingaerindi - USK26040459**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060038 vegna lokaúttektar þannig að bætt hefur verið við glugga á vesturhlið sólskála parhúss nr. 22, mhl.02, á lóð nr. 20-22 við Norðurbrún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **46. Seljavegur 1A - USK26020117**

Sótt er um leyfi til að innrétta tvær íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 1a við Seljaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **47. Skólavörðustígur 42 - USK26010493**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í verslun í rými 0101 í húsi á lóð 42 við Skólavörðustíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **48. Sogavegur 108 - USK26040116**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á innra skipulagi og útliti á mhl. 03 sem er verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 1-3 við Réttarholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **49. Sogavegur 200 – breytingaerindi - USK26040139**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070050 með því að hætta við hækkun á þaki en stækka sólstofu á einbýlishúsi á lóð nr. 200 við Sogaveg

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **50. Stekkjarbakki 2 - USK26030348**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í veitingastað í flokki I, teg. x húss á lóð nr.2 við Stekkjarbakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **51. Suðurlandsbraut 40 - USK26030032**

Sótt er um leyfi fyrir innri breytingum s.s. á léttum veggjum og skápum í íbúðum 05-0102, 05-0203, 05-0305, 05-0805, 06-0802 á lóð nr. 40 við Suðurlandsbraut. Auk þess er verið að skækja um breytingum á skráningu á rýmum í kjallara. Erindinu fylgir yfirlit breytinga á eldri teikningum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **52. Síðumúli 10 – breytingaerindi - USK26050148**

Sótt er um byggingarheimild fyrir baklýstu skilti á stálgrind staðsett við suðvestanverð lóðarmörk á lóð nr. 10 við Síðumúla.

Stærð: 1.40 x 1.40m x 2.

Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa dags. 5. janúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **53. Síðumúli 23 - USK26020263**

Sótt er um leyfi til að opna milli tveggja rýma 0201 og 0202, ásamt innri breytingum í atvinnuhúsi á lóð nr. 23 við Síðumúla.

Erindinu fylgir yfirlit yfir breytingar á áður samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### **54. Traðarland 1 - USK26030521**

Sótt er um leyfi til innanhússbreytinga í húsi á lóð nr. 1 við Traðarland.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### **55. Urðarbrunnur 62 - USK25080297**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057859 vegna lokaúttektar þannig að útitröppur verða á norðurhlíð í stað suðurhlíðar, húsið verður áklætt og innra skipulag á neðri hæð er breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 62 við Urðarbrunn.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **56. Vatnagarðar 4 - USK25090028**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu kennslurými fyrir Kvikmyndaskóla Íslands, breyta gluggum, gera nýja útganga og sameina í eina eign atvinnuhús á lóð nr. 4 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um algilda hönnun dags. 14. apríl 2026 og samantekt um brunavarnir frá Örugg dags. 12. mars 2026.

Frestað. Lagfæra skráningu.

### **57. Vatnagarðar 6 - USK26020415**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, fjarlægja nokkra innveggi, opna inn í aðliggjandi rými innréttu fyrir pökkun matvæla og koma fyrir kæli- og frystiklefum fyrir matvælavinnslu í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 6 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. janúar 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **58. Vogaland 12 - USK24110062**

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og fá samþykkt áður gerða ósamþykkt íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 12 við Vogaland.

Erindi fylgir afrit af skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa dags. 28. júlí 1993, eignarskiptayfirlýsing móttakin til þinglýsingar 1. nóvember 1993 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **59. Öldusel 17 – breytingaerindi - USK26030523**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25110082 með því að gera nýjan stoðvegg, færa aðkomuramp og breyta innra skipulagi í Ölduselsskóla á lóð nr. 17 við Öldusel Skólabygging á lóð nr. 17 við Öldusel.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

**Fundi slitið kl.14:40**  
**Brynjar Þór Jónasson**  
**Silvá Kjærnested**  
**Sigrún Reynisdóttir**  
**Dagný Geirdal**  
**Guðbjörg Sigríður Snorradóttir**